

**43. fundur skólanefndar haldinn Bláskógaskóla, Laugarvatni,  
miðvikudaginn 7. maí 2025, kl. 15:00.**

**Fundinn sátu:**

Áslaug Alda Þórarinsdóttir, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson (í fjarfundi á Teams), Sólmundur Magnús Sigurðarson, Harpa Sævarsdóttir, Hildur Hálfðanardóttir, Lieselot Simoen, leikskólastjóri Álfaborg, Lára Bergljót Jónsdóttir, skólastjóri Bláskógaskóla Reykholti, Íris Anna Steinarrsdóttir, skólastjóri Bláskógaskóla Laugarvatni, Guðbjörg Þóra Jónsdóttir, fulltrúi grunnskólakennara, Borghildur Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskóla, María Carmen Magnúsdóttir, fulltrúi foreldra grunnskólabarna, boðaði forföll, Ragnheiður Bjarnadóttir, fulltrúi foreldra leikskólabarna, og Ásta Stefánsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Áslaug Alda Þórarinsdóttir, formaður skólanefndar.

**1. Reglur leikskóla Bláskógabyggðar - 2311003**

Tillaga að breytingum á leikskólareglum

*Farið var yfir tillögu að breytingum á leikskólareglum.*

*Rætt var um hvort setja þurfi inn reglu um lágmarksfjölda barna í vistun á skráningartíma á föstudögum og á skráningardögum. Í Álfaborg hafa verið amk 10 börn á föstudögum, í Bláskógaskóla hefur farið niður í eitt barn einu sinni og tvö börn í annað skipti, en 8-9 börn annars. Tíminn hefur nýst vel í undirbúning, snemmtæka íhlutun o.fl. Reynsla er ekki komin varðandi aðsókn á skráningardögum eftir að nýtt greiðslufyrirkomulag var tekið upp. Skólanefnd leggur til að ekki verði sett regla um lágmarksfjölda barna í vistun á föstudögum, en skoðað verði hver reynslan verður með skráningardaga og aðsókn á þeim. Foreldrar verði látnir vita ef mjög fá börn eru skráð. t.d. ef það er einungis eitt barn skráð á viðkomandi deild.*

*Rætt var um hámarksfjölda tíma sem standa 12 til 18 mánaða börnum til boða. Í fyrri reglum var lagt til að það væri að hámarki 6 klst á dag, frá og með næsta hausti, en nú er lagt til að þetta hámark verði afnumið. Rætt var um aðrar útfærslur. Skólanefnd gerir ekki athugasemd við að ekki verði sérstakar reglur um vistunartíma yngstu barnanna.*

*Rætt var um hvort starfsmenn sem eru foreldrar leikskólabarna, og þurfa að vinna á skráningardögum, skuli greiða fyrir skráningartíma á föstudögum eða á skráningardögum. Skólanefnd leggur til að ekki verði innheimt gjald fyrir skráningartíma og skráningardaga ef starfsmaður þarf að vinna þegar skráning er. Það verði hluti af starfsmannaafslætti.*

*Rætt var um afslætti og hvort þeir séu í boði af aukagjöldum (skráningargjaldi á föstudögum og á skráningardögum) og að orða þurfi fyrirkomulag með skýrum hætti í gjaldskránni.*

*Rætt var um afslætti vegna náms og að útfæra þurfi það betur, m.a. þar sem breytingar hafi orðið með tilkomu fjarnáms þar sem vólk stundi jafnvel fulla vinnu með námi.*

**2. Skólastefna - 2309028**

Skólanefnd, samþykkt af sveitarstjórn

*Samþykkt skólastefna var lögð fram til kynningar. Verið er að setja stefnuna upp með myndum og verður hún síðan birt á heimasíðu sveitarfélagsins.*

### 3. Endurmenntunarsjóður grunnskóla 2025 - 2505001

Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 16.04.2025 þar sem kynntar eru úthlutanir úr endurmenntunarsjóði grunnskóla 2025.

*Lagt fram til kynningar.*

### 4. Lýðheilsu- og forvarnastefna - 2312009

Lýðheilsu- og forvarnastefna Bláskógabyggðar, til kynningar.

*Lýðheilsu- og forvarnastefna Bláskógabyggðar hefur verið samþykkt af sveitarstjórn og birt á heimasíðunni. Stefnan var lögð fram til kynningar.*

Fundi slitið kl. 16:40.

---

Áslaug Alda Þórarinsdóttir

---

Sveinn Ingi Sveinbjörnsson

---

Sólmundur Magnús Sigurðarson

---

Harpa Sævarsdóttir

---

Hildur Hálfðanardóttir

---

Lieselot Simoen

---

Lára Bergljót Jónsdóttir

---

Íris Anna Steinarrsdóttir

---

Guðbjörg Þóra Jónsdóttir

---

Ragnheiður Bjarnadóttir

---

Borghildur Guðmundsdóttir

---

Ásta Stefánsdóttir